

Ár 2021, miðvikudaginn 2. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Helga R. Magnússyni, Ernu Birgisdóttur og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2021:

Meint ósæmileg framkoma forráðamanns/stuðningsmanns Völsungs

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Óskar Páll Davíðsson, kt. 251297-3399

Knattspyrnudeild Völsungs

Fyrirsvarsmaður: Jónas Halldór Friðriksson, framkvæmdastjóri

II.

Málsatvik:

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 1. júní 2021 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 26. maí 2021, í samræmi við 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu í formi ummæla sem forráðamaður/stuðningsmaður Völsungs, Óskar Páll Davíðsson, viðhafði á twitter síðu sinni þann 21. maí 2021 í tengslum við leik Hauka og Völsungs í 2. deild karla þann sama dag. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd almennings á íslenski knattspyrnu. Ummæli Óskars hafi verið óásættanleg og ámælisverð en með þeim hafi verið vegið að heiðarleika og æru dómara í fyrrgreindum leik Hauka og Völsungs. Óskar Páll sé virkur dómari hjá knattspyrnudeild Völsungs og sitji í fjölmiðlaráði meistaraflokka Völsungs.

Ummæli sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra eru eftirfarandi:

„Hvernig í andskotanum er þetta seinna gula fyrir dýfu ??? #fotboltinet plís einhver að svara mér!! @gudnibergs taka þennan dómara af launaskrá takk. Almáttugur hvað þetta er slakt jesus minn“

„Ekki nóg með það þegar hann fær fyrra gula þá er hann að spjalda vitlausan mann. Það er annar leikmaður sem sparkar í boltann en Jói bangsímón flautar bara eitthvað. Afhverju er þetta svona sumar eftir sumar í Íslensku deildunum? @gudnibergs nú þarf að fara rífa í gikkinn“

„Þælið í því að leikmenn æfa eins og tittlingar í einhverja 10 mánuði fyrir þetta í -2 gráðum svo koma einhverjir trúðar með flautu og stærri bumbu

en ég og gera bara eitthvað. Til hvers erum við að standa í þessu ef að hvaða endaparmur sem er getur fengið að jogga um með flautu."

Í samræmi við grein 20.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ber að fara með mál, sem framkvæmdastjóri vísar til nefndarinnar á grundvelli 20. greinar, eins og um kærsmål sé að ræða. Greinargerð framkvæmdastjóra var því send til Völsungs og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 12:00 1. júní 2021.

Í greinargerð sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 1. júní frá knattspyrnudeild Völsungs kom eftirfarandi fram:

„Við höfum tekið þetta fyrir hjá okkur og rætt við umræddan aðila. Þetta mun því ekki koma fyrir aftur og byðjumst við velvirðingar á þessu.“

III. Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort framkoma forráðamanns/stuðningsmanns Völsungs, Óskar Páls Davíðssonar, sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 26. maí sl., falli undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.“

Með vísan til greinar 1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.

Að virtri greinargerð frá bæði framkvæmdastjóra KSÍ og knattspyrnudeild Völsungs ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli, sem forráðamaður/stuðningsmaður Völsungs, Óskar Páll Davíðsson, viðhafði á twitter síðu sinni þann 21. maí sl. í tengslum við leik Hauka og Völsungs í 2. deild karla, hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummælin undir ákvæði 20. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Hvort brot leiði til ábyrgðar félags á hegðun Ólafs horfir aga- og úrskurðarnefnd til greinar 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Samkvæmt því er sérhvert félag ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik. Fyrir liggur að Óskar gegnir störfum á vegum knattspyrnudeildar Völsungs, m.a. sem dómari og með setu í fjölmiðlaráði meistaraflokka og því ljóst að skilyrði áðurnefndrar gr. 4.2. um tengsl við félag eru uppfyllt.

Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 12.9.e), hefur brot á 20. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 200.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 1. júní 2021 að sekta Knattspyrnudeild Völsungs um kr. 75.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla.

IV.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Völsungs skal sæta sekt að upphæð kr. 75.000,- til KSÍ

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]